

Nd.

## 610. Ágreiningsálit

um frumvarp til laga um sparisjóði (þingskj. 271.).

Frá minni hluta nefndarinnar.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins í 22. og 23. gr. er eftirliti með starfsemi sparisjóða svo fyrir komið, að skipaður sje einn umsjónarmaður fyrir land alt. Það fyrirkomulag telur minni hlutinn hvorki tryggilegt nje haganlegt. Lítt tryggilegt fyrir þá sök, að ekki verður búist við, að einn maður hafi svo náinn kunnugleik og viðtæka þekkingu, að því er snertir verðgildi fasteigna eða efnahag og skilvísí skuldunauta og ábyrgðarmanna viðsvegar um landið, að hann geti myndað sjer sjálfstæða skoðun og dæmt til fullnustu um tryggingar þær, er innstæðufje sjóðanna aðallega hvílir á. Óhaganlegt er fyrirkomulag þetta að því leyti, að einum manni er ætlað að hafa yfirsókn yfir land alt, er gæti leitt til þess, að ýmist yrðu gæslustörfin gerð á hlaupum með minni vandvirkui en vera ætti, eða falin öðrum misjafnlega hæfum mönnum, sinum í hvert skifti, er ef til vill skorti þá ábyrgðartilfinningu, sem slíkt trúnaðarstarf verður að styðjast við, ef það á að vera meira en nafnið tómt.

Auk þess má benda á það, að ef eftirlit þetta yrði gert að atvinnustarfi, svo sem farið er fram á í frumvarpinu, hlyti kostnaðurinn við það fljótlega að verða margfalt meiri en áætlað er, bæði til launa og í ferðakostnað handa umsjónarmanni og staðgöngumönnum hans.

Til þess að gera eftirlitið tryggilegra, ódýrara og að öllu haganlegra, telur minni hlutinn vel gerlegt, að fela það sjerstökum manni við hvern sparisjóð eða við fáa sjóði, er væru í grend hver við annan, og efast ekki um, að í hverju hjeraði landsins sje kostur á þar til hæfum manni, er treysta megi til að leysa starf þetta af hendi með ráðdeild og samviskusemi.

Minni hlutinn leggur því til, eð í staðinn fyrir 22. og 23. gr. frumvarpsins komi þrjár nýjar greinir svo hljóðandi:

22. gr.

Stjórnarráðið hefir umsjón yfir öllum sparisjóðum landsins. Til að hafa eftirlit með starfsemi hvers sparisjóðs skipar stjórnarráðið gæslumann, er hafi sem besta þekkingu á efnahag og ástæðum þeirra manna, er mest nota sjóðinn.

Til launa fyrir starfa sinn fær gæslumaður dagpeninga, 5 kr. fyrir dag hvern, er hann gegnir gæslustörfum eða er fjarverandi frá heimili sínu í þeim erindum, svo og ferðakostnað eftir reikningi, er liggur undir úrskurð stjórnarráðsins, ef ágreiningur verður. Dagpeninga og ferðakostnað gæslumanns greiðir sparisjóður sá, er í hlut á.

23. gr.

Gæslumaður sparisjóðs skal hafa nákvæmt eftirlit með starfsemi sjóðsins og árlega rannsaka allan hag hans. Hefir hann rjett til, hvenær sem er, að skoða bækur sjóðsins og eignaskilríki, Svo getur hann og krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sjóðsins, fjárhag og alt fyrirkomulag. Komist hann að raun um, að einhverju sje ábótavant, skorar hann á stjórn sjóðsins að bæta úr því hið bráðasta. En sje það eigi gert í tæka tíð, svo að sjóðnum stafi hætta af, skal hann tafarlaust tilkynna það stjórnarráðinu.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa gæslumönnum sparisjóða. Vanræki þeir skyldur sínar, getur stjórnarráðið vikið þeim frá.

24. gr.

Jafnskjótt og ársreikningur sparisjóðs er samin og endurskoðaður, skal senda stjórnarráðinu samrit af reikningum, svo og athugasemdir endurskoðunarmanna og svör reikningshaldara eður sparisjóðsstjórnar. Ennfremur skal gæslumaður sparisjóðsins senda stjórnarráðinu athugasemdir sínar, ef hann hefir eitt-hvað við reikningin að athuga, svo og ársskýrslu um starfsemi sjóðsins. Skýrslu um alla sparisjóði landsins skal birta almenningi á þann hátt, er stjórnarráðinu þykir best henta.

Stjórnendum sparisjóða og starfsmönnum er skylt að láta gæslumönnum svo og stjórnarráðinu í tje skýrslur þær um rekstur sparisjóða og hag þeirra, sem nauðsylegt þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum alt að 5 kr. á dag ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeigenda. Sektarfeð rennur í landssjóð, og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

Neðri deild alþingis, 28. ágúst 1913.

Ólafur Briem.

Kristinn Danielsson.